



## Nýr formaður Heimilis og skóla

Á aðalfundi Heimilis og skóla þann 25. apríl síðastliðinn urðu formannaskipti og stjórnarbreytingar hjá samtökunum. Maríu Kristínu Gylfadóttur var þakkað ótult og óeigingjarnt starf í þágu samtakanna síðastliðin fjögur ár. Nýr formaður er Sjöfn Þórðardóttir og var henni óskað til hamingju með embættið og velfarnaðar í starfi.

Sjöfn er fædd 9. júlí 1972. Hún hefur mikla reynslu af uppeldis-, félags- og nefndarstörfum og hefur tekið virkan þátt í ýmiss konar foreldrastarfi hjá börnum sínum í leik- og grunnskóla, æskulýðs og íþróttastarfi frá árinu 1994. Hún var formaður foreldrafélags Mýrarhúsaskóla 2004 til 2006, meðstjórnandi í foreldrafélagi Grunnskóla Seltjarnarness 2006-2007 og stjórnarmaður landssamtakanna Heimili og skóla frá árinu 2006.

Sjöfn er stúdent frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og stundar nú nám við Kennaraháskóla Íslands. Sjöfn er gift Lárusi B. Lárussyni flugstjóra og eiga þau tvö börn, Aron Frey 16 ára og Elínu Helgu 10 ára.



## Vel heppnuð málþing um örugga netnotkun



Frá málþingi á Egilsstöðum

SAFT stendur um þessar mundir fyrir málþingum víða um land í samstarfi við Vodafone þar sem leitast er við að draga fram sýn nemenda annars vegar og foreldra og kennara hins vegar á helstu kostum og göllum netsins. Bæði foreldrar og unglingar hafa líst ánægju sinni með þessi málþing og tala sérstaklega um þá umræðu sem skapast um hvað unglingar geti gert til að „uppfæra“ foreldra sína. Það er lykilatriði að foreldrar nái góðum tökum á netinu og skilji hvað börnin þeirra eru að gera. Ef foreldrar setjast niður með börnunum og þau uppgötva netið saman og um leið þau óendanlegu tækifæri sem netið hefur upp á að bjóða ná foreldrar þeirri tækni og skilningi sem er svo mikilvægur þegar kemur að öryggi barna á netinu því með því að kunna á netið geta foreldrar miðlað reynslu sinni áfram. Góð þáttaka hefur verið og munu starfsmenn SAFT nýta niðurstöður málþinganna til að uppfæra netheilræðin 10 og útbúa jafningjafræðsluefni fyrir ungt fólk. Einnig gafst ungmennum tækifæri til að skrá sig í ungmennaráð SAFT sem mun m.a. aðstoða SAFT við að hanna heimasíðuna [www.saft.is](http://www.saft.is),



Frá málþingi á Sauðárkróki

## 35 tilnefningar til Foreldraverðlaunanna 2008

Þann 15. maí n.k. munu Heimili og skóli – landssamtök foreldra veita hin árlegu Foreldraverlaun og er það nú gert í 13. sinn. Leitað var eftir tilnefningum um einstakling, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög eða skóla á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem stuðlað hafa að árangursríkum leiðum til að efla samstarf foreldra og kennara og verkefnum sem hafa komið sér vel fyrir foreldra eða börn á einhvern hátt.

Alls bárust 35 tilnefningar. Ánægjulegt er að sjá hve gróskumikið starf er unnið á fjölmörgum sviðum leik-, grunn- og framhaldsskóla. Eftirtektarvert er hve margar tilnefningar bárust vegna jákvæðs starfs víðs vegar um landið en þetta er í fyrsta sinn sem svo margar tilnefningar berast frá landsbyggðinni.

Ljóst má vera að Foreldraverðlaunin hafa unnið sér fastan sess í samfélaginu og vekja athygli á þeim mörgu verkefnum sem efla starf leik-, grunn- og framhaldsskóla og öflugt og jákvætt samstarf heimila, skóla, sveitarfélaga og samfélagsins alls.

Hægt er að skoða tilnefningarnar hér.